

Menntaskólinn í Kópavogi
Guðríður Eldey Arnardóttir, skólameistari
Digranesvegi 51
200 Kópavogi



Reykjavík, 25. maí 2021

Efni: Framkvæmd reglugerðar um vinnustaðanám

Samtök ferðaþjónustunnar og undirritaðir matreiðslumenn vilja koma á framfæri ánægju með þá afstöðu skólameistara Menntaskólans í Kópavogi að fara hefðbundna iðnmeistara-, fyrirtækis- og stofnunarsamningsleið í iðnnámi til matreiðslu. Að mati undirritaðra er það eina raunhæfa leiðin sem getur leitt til þess að fagnám í matreiðslu geti haldið áfram að þróast sem matargerðarlist og eflt framboð veitingastaða hér á landi. Þá er einnig mikilvægt að benda á að námið er undirstaða góðs árangurs í alþjóðlegum matreiðslukeppnum sem hafa komið Íslandi á kortið sem ákjósanlegur áfangastaður ferðalanga sem leita eftir kúlinarískri upplifun.

Matreiðslunám er krefjandi nám, ekki síst með tilliti til fagmennsku, þess vinnutíma sem um ræðir í greininni og listrænnar samræmingar. Þessir þættir þróast best í gegnum handleiðslu meistara. Þróun rafrænnar ferlibókar er afar jákvætt skref í þróun á eftirfylgni með stöðu nema á hverjum tímapunkti og undir öflugri handleiðslu meistara spila þessir þættir lykilhlutverk í að skila góðum matreiðslumönnum út á markaðinn.

Undirritaðir óska eftir að skólameistari MK verði með kynningarfund á fyrirkomulagi og framkvæmd matreiðslunáms frá og með haustmisseri sem fyrst.

Eftirtaldir matreiðslumenn og matreiðslumeistarar hafa lag nafn sitt við ofangreint erindi:

Bjarki Hilmarsson,	Hótel Geysir
Eiríkur Ingi Friðgeirsson,	Eiriksson Brasserie, Bocuse d'Or Academía
Fanney Dóra Sigurjónsdóttir	Matreiðslumeistari
Friðgeir Ingi Eiríksson,	Eiriksson Brasserie, Bocuse d'Or Academía
Friðrik Sigurðsson,	Bocuse d'Or Academía
Ingi Þórarin Friðriksson,	Bláa Lónið
Jakob Magnússon	Hornið veitingahús, Bocuse d'Or Academía
Lárus Gunnarsson,	Fiskfélagið
Sturla Birgisson	Bocuse d'Or Academía
Víktor Örn Andrésson,	Sælkerabúðin, Lux veitingar, Bocuse d'Or Academía
Þráinn Lárusson,	701 Hotels
Þráinn Freyr Vigfússon,	Súmac, Óx, Silfra, Ion Hotel, Bocuse d'Or Academía

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri